

# Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar  
desember 2015



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hjómahöll  
sími 420-1400 Netfang: <http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is/>  
Skrifstofan er opin mán., þri., fim. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13



## **Bjöllukór TR og Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Bjöllukór Tónlistarskólans mun spila með Sinfóníuhljómsveit Íslands á hinum árlegu Jólatónleikum SÍ, laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. desember n.k. í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru kl. 14 og 16 hvorn dag. Þetta eru tónleikar sem eru orðnir fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna, enda ætlaðir hlustendum á öllum aldri. Verð aðgöngumiða er því mjög lágt. Við erum afar stolt af því að vera boðið að taka þátt í þessum tónleikum, en þetta er 4. árið í röð sem Bjöllukórinn okkar spilar á Jólatónleikum Sinfóníunnar. Við hvetjum nemendur og forráðamenn til að ná sér í miða sem fyrst. Þessir tónleikar hafa verið mjög vel sóttir.



## **Barnakór TR**

Hinn ný stofnaði Barnakór TR hefur í nógu að snúast nú í aðdraganda jóla. Kórinn kemur fram á tónleikum sem Gréta Salome stendur fyrir í Keflavíkukirkju 5. desember. Síðan mun kórinn koma fram á jólafagnaði Frímúrarastúkunnar Sindra í Reykjanesbæ þann 12. desember og þann 18. desember kemur kórinn fram á jólatónleikum í Stapa á tónleikum sem bera yfirskriftina „Jólin koma í Reykjanesbæ“, en á þeim tónleikum koma fram að auki Stefán Hilmarsson og Helga Möller. Barnakórinn sankar því að sér dýrmætri reynslu nú á adventunni.



## Strengjasveit TR - elsta sveit

Elsta strengjasveit TR mun taka þátt í tvennum jólatónleikum sem Magnús Kjartansson stendur fyrir með kórana sem hann stjórnar. Fyrri tónleikarnir verða í Stapa 3. desember og þeir seinni í Háteigskirkju í Reykjavík þann 9. desember. Annar þessara kóra er Sönghópur Suðurnesja. Á tónleikunum verður strengjasveitin í hlutverki undirleikara og því er um nýja reynslu að ræða hjá strengjanemendum.



## Jólatónleikar framundan

Framundan er fjölbreytt jólatónleikahald skólans. Það verður með svipuðu sniði og venjulega þ.e. að kennarar eða deildir halda sína tónleika hver fyrir sig. Vinsamlegast fylgist vel með tilkynningum sem koma frá kennurum á næstunni, varðandi jólatónleikana. Skynsamlegt er að hengja þær upp á áberandi stað á heimilinu, eða skrifa hjá sér í dagbók, svo ekkert gleymist í önnum adventunnar. Á baksíðu Tónvísis er yfirlit yfir jólatónleikahaldið, svo það er auðvelt að nálgast upplýsingarnar þar. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikana á skrifstofu skólans og á vefsíðunni okkar [tonlistarskoli.reykjanesbaer.is](http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is) og á fésbókarsíðu skólans.



## Fréttabréfið

Fréttabréfið Tónvísir kemur út 2-3 sinnum á vetri. Annars eru upplýsingar um starfsemi skólans frá degi til dags á vefsíðunni [tonlistarskoli.reykjanesbaer.is](http://tonlistarskoli.reykjanesbaer.is) og á fésbókarsíðu skólans.



## Jólafrí

Síðasti kennsludagur fyrir jól er föstudagurinn 18. desember. Kennsla hefst að nýju þriðjudaginn 5. janúar 2016.



## Getum bætt við okkur nemendum


Eftir áramót getum við bætt við okkur nemendum á kontrabassa, selló, málmblasturshljóðfæri (t.d. trompet eða horn) og í klassískum söng. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu skólans sem fyrst.



## Jólagjafir

Við viljum enn og aftur benda á þann skemmtilega möguleika að gefa tónlistarjólagjafir. Hægt er að fá ódýrar en nýtsamlegar jólagjafir fyrir tónlistarnemandann í tónlistarbúðum, svo sem nótnastatíf, hljóðfærastatíf, nótnabækur, taktmæla, ljós á nótnastatíf, trommukjuða o.fl. þess háttar. Helstu verslanir með svona vörur eru Tónastöðin, Hljóðfærahúsið-Tónabúðin, Verslunin Hljóð-X-Rín og Gítarinn. Þessar verslanir eru allar í Reykjavík.





## Jólatónleikar 2015

|                |  |  |
|----------------|--|--|
| laug. 5. des.  | kl. 12:30  | <b>Tónleikar Slaghörpunar í Bergi</b>  |
| fimm. 10. des. | kl. 19:15  | <b>Jólatónleikar Gítarsamspils í Bergi</b>   |
| fös. 11. des.  | kl. 17:00<br>kl. 18:30   | Jólatónleikar nem. Helgu Aðalheiðar ogínu Dóru í Bergi<br><b>Jólatónleikar Strengjasveitar A og B í Bergi</b>  |
| mán. 14. des.  | kl. 15:30<br>kl. 17:00<br>kl. 18:00<br>kl. 18:30<br>kl. 19:00              | <b>Stofutónleikar Lúðrasveitar A/B í stofu 102</b><br>Jólatónleikar nem. Þórunnar í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar Rytmissku deildar í Bergi<br>Jólatónleikar Söngdeildar í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar Rytmissku deildar í Bergi   |
| þrið. 15. des. | kl. 17:00<br>kl. 17:30<br>kl. 18:30<br>kl. 19:30<br>kl. 19:30              | Jólatónleikar nem. Unnar í Bergi<br>Jólatónleikar nem. Björgvins og Kristínar Þóru í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar nem. Grétu og Guðríðar Evu í Bergi<br>Jólatónleikar nem. Kristjáns í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar nem. Germans og Róberts í Bergi  |
| miðv. 16. des. | kl. 15:30<br>kl. 17:30<br>kl. 17:30<br>kl. 18:30<br>kl. 19:30              | <b>Stofutónleikar Lúðrasveitar C í stofu 102</b><br>Jólatónleikar nem. Ragnheiðar í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar nem. Jónínu í Bergi<br>Jólatónleikar nem. Aleksöndru og Páls í Bergi<br>Jólatónleikar nem. Steinars í Bergi  |
| fimm. 17. des. | kl. 17:00<br>kl. 17:00<br>kl. 18:00<br>kl. 18:00<br>kl. 19:00<br>kl. 20:00 | Jólatónleikar Hörpu og Vilhjálms í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar nem. Geirþrúðar, Ragnheiðar Eirar og Söndru Rúnar í Bergi<br>Jólatónleikar nem. Þorvaldar Más og Díönu í Bíósal, Duus<br>Jólatónleikar nem. Geirþrúðar, Ragnheiðar Eirar, Söndru Rúnar og Berglindar í Bergi<br>Jólatónleikar Barnakórs og nem. Sigrúnar Gróu í Bergi<br><b>Jólatónleikar Bjöllukórs TR í Bergi</b> |
| fös. 18. des.  |  | Síðasti kennsludagur fyrir jól   |
| mán. 4. jan.   |  | Starfsdagur kennara  |
| þrið. 5. jan.  |  | Kennsla hefst  |



*Tónlistarskólinn óskar nemendum  
og fjölskyldum þeirra  
hamingjuritara jóla og farsæls nýs árs*